

76. stjórnarfundur í Minjasafni Egils Ólafssonar haldinn í Skor þekkingarsetri á Patreksfirði fimmtudaginn 9. september 2010 kl. 13.00.

Um er að ræða fund með nýskipaðri stjórn. Fundinn boðaði Friðbjörg Matthíasdóttir formaður Samráðsnefndar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar.

Mættir : Björgvin Sigurjónsson frá Tálknafirði, Egill Ólafsson fulltrúi niðja, Magnús Ólafs Hansson frá Vesturbyggð og Friðbjörg Matthíasdóttir formaður Samráðsnefndar.

Magnúsi Ól. var falið að rita fundargerð

Dagskrá:

1. Kosning formanns.
2. Önnur mál.

Friðbjörg setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Björgvin Sigurjónsson stakk upp á Magnúsi Ólafs Hanssyni sem formanni stjórnar. Ekki komu aðrar uppástungur.

Friðbjörg bar upp tillögu Björgvins og var hún samþykkt. Friðbjörg óskaði nýkjörinni stjórn velfarnaðar í starfi. Hér yfirgaf Friðbjörg fundinn

2. Ýmsar umræður fóru fram um starfssemi Minjasafnsins og mögulegar áherslubreytingar á rekstri þess. Stjórnin mun halda næsta fund sinn á Minjasafninu á Hnjóti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.30.

Magnús Ólaf Hansson
Egill Ólafsson
Björgvin Sigurjónsson